



Reykjavík, 23. febrúar 2015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum (heildarlög), 427. mál.

Samtök ferðaþjónustunnar (samtökin) hafa farið yfir frumvarp til laga um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum (heildarlög), 427. mál. og hafa eftirfarandi athugasemdir.

SAF eru sammála aðferðafræðinni sem lagt er upp með í frumvarpinu sem byggist á sambærilegum grunni og nýttur hefur verið til annarra áætlana sem njóta þinglegrar meðferðar eins og samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun og rammaáætlun.

Samtökin fagna því að eiga fulltrúa í verkefnisstjórn umræddrar áætlunar þar sem um er að ræða skipulag starfsvettvangs ferðaþjónustunnar til framtíðar. *Samtökin fara fram á að fá einn fulltrúa til viðbótar í verkefnisstjórnina í stað fulltrúa Ferðamálasamtaka Íslands þar sem gert er ráð fyrir að þau verði lögð niður á næstu misserum.*

Samtökin telja nauðsynlegt að benda á að fjármögnun þriggja ára áætlunar verði að vera skýr og með staðfestu í fjárlögum hvers árs þannig að tryggt sé að markmiðum áætlunarinnar verði náð. Samtökin leggja til að eftirfarandi bætist við 4 gr. um þriggja ára verkefnaáætlun: *Sundurliðun þriggja ára áætlunar skal hagað þannig að ábyrgð og fjárheimildir hveirrar stofnunar og fyrirtækis komi skýrt fram. Gerð skal grein fyrir fjáröflun og útgjöld skulu sundurliðuð eftir einstökum framkvæmdum, rekstri, þjónustu og viðhaldi eftir því sem við á. Í þriggja ára áætlun skal m.a. vera sundurliðun í samræmi við uppsetningu fjárlaga.*

Samtökin telja mjög mikilvægt að þau verkefni sem ráðist verður í séu vel skilgreind og ferli þeirra vel vöktuð með tilliti til þeirra fjármuna sem lagðir eru til. Einnig telja samtökin nauðsynlegt að ábyrgðaraðilar þeirra svæða sem falla undir áætlunina séu vel skilgreindir þannig að umhverfisleg vöktun sé til staðar á hverjum tíma. *Samtökin telja að greinar 7 og 8 um aðild að áætluninni og samninga við landeigendur séu ekki nógu skýrar með tilliti til ábyrgðar umsjónarmanna og vöktunar bæði í fjárhagslegum og umhverfislegum skilningi. Samtökin telja nauðsynlegt að koma því á framfæri að greinar 7 og 8 eru heldur ekki samræmi við ákvæði almannaréttar í lögum um náttúruvernd sem taka eiga gildi 1. júlí næstkomandi. Þar er t.d. í 30. Grein gert ráð fyrir að gerð göngustíga á óræktuðu landi sé ekki háð leyfi landeiganda og rétt að taka tillit til þess í fyrirbyggjandi frumvarpi.*

Samtökin benda á að nauðsynlegt er að samræma fyrirbyggjandi frumvarp og lög um Framkvæmdasjóð ferðamannastada þannig að sjóðurinn hafi það hlutverk að sinna úthlutun fjármagns til framkvæmda og eftirliti verkefna í samræmi við þriggja ára framkvæmdaáætlun.

Samtökin lýsa ánægju með að stjórnvöld sýni með frumvarpinu vilja til að gera áætlun um vernd náttúru og uppbyggingu innviða til að styðja við sjálfbærni ferðamannaleiða, ferðmannasvæða og ferðamannastaða og að áætlunin njóti sama vægis aðrar opinbera áætlanir eins og kerfisáætlun, samgönguáætlun og rammaáætlun. Mikilvægt er í því samhengi að minna á að yfir 80% erlendra ferðamanna koma til Íslands vegna náttúrunnar. Það er von SAF að með frumvarpinu skapist umhverfi sem getur stutt við byggðaðróun og atvinnuuppbyggingu ferðaþjónustu og tengdra greina. Þess ber einnig að geta að ferðaþjónusta hefur á undanförunum misserum verið sú atvinnugrein sem skapað hefur mestar gjaldeyristekjur útflutningsgreina og haldið uppi hagsvexti á Íslandi.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari umsögn um frumvarpið á seinni stigum

Virðingarfyllt

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

A handwritten signature in blue ink, which appears to read "Gunnar Valur Sveinsson". The signature is stylized and somewhat cursive.

Gunnar Valur Sveinsson